

Ed. 668. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 506 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

C4 í 3. gr. orðist svo: Frá línu réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19) að $18^{\circ}00'0$ V er skipum, sem eru 39 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða 1. maí til 1. mars með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins. Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Stokksnesi (viðmiðunarpunktur 20), og að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestan af $15^{\circ}45'$, innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.